

Barátta Bandaríkjamanna við bankaveldið. Huldustjórnin

Bandaríkjamenn höfðu lýst yfir stríði á hendur Stóra-Bretlandi árið 1812, í forsetatíð James Madison (1751-1836), þ.e. ári eftir, að rekstrarleyfi Rothschild-bankans (Bank of The United States) rann út.

James, sem var einarður andstæðingur bankans, var einn svokallaðra stofnfeðra Bandaríkjanna. Samherji James, annar stofnfaðir, Alexander Hamilton (1755-1804), handgenginn Rothschild-bankaveldinu í Lundúnum, var hins vegar ákafur talsmaður hans.

Alexander var fjármálaráðherra í fyrstu ríkisstjórn Bandaríkjanna, ríkisstjórn þriðja stofnföðursins, George Washington (1721-1799). (Alexander var trúlega fyrsti ráðherra Bandaríkjanna, sem lokkaður var til bólfara, tekinn á löpp, og beittur fjárkúgun. Kynlífhneykslið kom líklega í veg fyrir forsetaframboð hans.)

Fyrirnefnt stríð var stundum kallað „Madison-stríðið“ Forsetinn vildi hefna fyrir árásir Breta og Frakka á kaupskip Bandaríkjamanna. Í sögulegu samhengi er fróðlegt og skilningsaukandi að gefa því gaum, að í átökunum við Breta og Frakka beittu Bandaríkjamenn viðskiptabanni. Það rann þó upp fyrir þeim, að bannið kæmi þeim sjálfum í koll. Það er trúlega að renna upp fyrir Vesturveldunum nú í sambandi við viðskiptastríð þeirra við Rússa.

Skemmst er frá því að segja, að Bandaríkjamenn fóru halloka fyrir breska heimsveldinu. Breski herinn brenndi bæði Hvítahúsið og Þinghúsið (Capitol). Friður var saminn í Ghent, Belgíu, þegar tvö ár voru liðin frá upphafi stríðsins.

Stríðið gegn Bretum var m.a. fjármagnað af vini Alexanders, þýsk-breska auðjöfrinum, Nathan Mayer Rothschild (1777-1836). Skuldir hlóðust upp, bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi. Og svo braust borgarastríðið í Bandaríkjunum út árið 1861.

Stríðshetjan, Andrew Jackson (1767-1845), síðar sjöundi forseti Bandaríkjanna árin 1829-1837, andæfði framlengingu rekstrarleyfis og heimild til peningaútgáfu til handa Banka Bandaríkjanna. Rothschild auðjöfrarnir voru þar eins og áður er ýjað að, potturinn og pannan.

Orðaskipti Andrew og Nathan eru fróðleg:

Andrew: „Sé svo, að þingið hafi rétt til að gefa út pappírspeninga, er það til eigin brúks, en ekki til að framselja til einstaklinga eða fyrirtækja.“

Nathan: „Annað hvort veitir þingið leyfi til framlengingar starfsleysis bankans, eða að Bandaríkin munu hverfa á vit hins skelfilegasta stríðs.“

Andrew: „Þið eruð höggormahreiður og ásetningur minn er að uppræta það. Almáttugur Guð er vitni mitt, ég ætla að eyða ykkur.“

Síðar sagði Nathan: „Kennum þessum óskammfeilnu Bandaríkjamönnum lexíu. Látum þá hverfa aftur til nýlendutímans.“

Andrew Jackson var sýnt banatilræði. Sjálfur var hann sannfærður um, að Nathan Rothschild stæði bak. Andrew tókst að vissu marki að efna loforð sitt um að hnekkja veldi fjanda síns eða þar til Rothschild-ættin og skjólstæðingar hennar, stofnuðu Seðlabanka Bandaríkjanna, Federal Reserve, árið 1913, sem enn þann dag í dag er einkarekinn.

Í erfðaskrá sinni lét Andrew skrá fyrirmæli um, að á legstein hans skyldi ritað: „Ég gekk af bankanum dauðum.“

Abraham Lincoln (1809-1865) leitaði á náðir Rothschild-bankans um lán til að fjármagna stríð sitt gegn Suðurríkjunum. Honum ofbauð vaxtakrafan og lét prenta eigin peninga. Abraham sagði:

„Við færðum þjóð þessa lýðveldis þá blessunarlegustu gjöf, sem hún nokkurn tíma hefur þegið; eigin pappírspeninga, svo hún megi greiða skuldir sínar.“

Árið 1865 sagði Abraham: „Ég á í höggi við tvo meginfjanda; annar er Suðurríkjaherinn, sem ég horfist í augu við, hinn, að baki mér, eru fjármálastofnanir. Þær eru minn verstí andstæðingur.“ Seinna sama ár var Abraham myrtur.

Ágengni Rothschild-ættarinnar fór einnig fyrir brjóstið á Rússum. Keisari þeirra, Alexander II (1818-1881) og Abraham Lincoln áttu tal saman árið 1864, og mynduðu andstöðubandalag. Alexander sendi hluta flota síns til Kaliforníu og Nýju Jórvíkur til að liðsinna Norðurríkjunum í borgarastyrjöldinni. Alexander II var myrtur í Sankti Pétursborg af hryðjuverkahópi, sem kallaði sig „Vilja fólksins.“

En áhlaup Rothschild-ættarinnar á atvinnulíf Bandaríkjanna voru skæð. Áður hafði hún stutt lepp sinn, John Davidson Rockefeller (1839-1937), við að efla olúfyrirtækið, Standard Oil, sem smám saman öðlaðist hér um bil einokun á markaðnum.

Það er allrar athygli vert með tilliti til efnahags- og stjórnmálapróunar í veröldinni, að Gyðingar höfðu tögl og haldir í heimi bankanna. Þeir virðast stundum hafa veitt

kristnum auðjöfrum brautargengi og beitt þeim fyrir vagn sinn. Annað dæmi er John Pierpont Morgan (1837-1913). Augljós undantekning er þó Henry Ford (1863-1947).

Henry hélt um tíma úti dagblaði, Dearborn Independent, þar sem hann varaði við efnahagslegu ofríki Gyðinga og áhrifum. Greinasafn hans er kallað „Alþjóðagyðingurinn“ (The International Jew). Mannrækt (eugenics) var honum einnig hugleikin. Henry var beittur þrýstingi vegna skoðana sinna, baðst afsökunar og lagði niður málgagnið. Henry var í miklum metum hjá Adolf Hitler (1889-1945), sem sæmndi hann heiðursorðu, árið 1938.

Kanslari Þýskalands, stórmennið Otto von Bismarck (1815-1898), fór ekki í graf götur með skilning sinn á umsvifum bankaauðvaldsins. Árið 1876 sagði hann:

„Löngu áður en til borgarastríðs kom í Bandaríkjunum, hafði fjármálaauðvaldið í Evrópu ákveðið, að Bandaríkjunum þyrfti að skipta í tvennt. Bankaauðkýfingarnir óttuðust, að Bandaríkin, sameinuð í eitt ríki, myndu öðlast efnahagslegt og fjármálalegt sjálfstæði, sem myndi hleypa heimsyfirráðum þeirra á fjármálasviðinu í uppnám.

Hæst bar rödd Rothschild-ættarinnar. Auðkýfingarnir sáu fyrir sér gífurlegan ránsfeng, ... [Þ]eir [gerðu] flugumenn út af örkinni til til að gera sér mat úr deilum um þrælahald og skapa hlydýpisgjá milli aðila á öndverðum meiði í Lýðveldinu.“

Tuttugasti forseti Bandaríkjanna, James Abram Garfield (1831-1881), reyndi líka að andæfa fjármagnsöflunum. Hann sagði:

„Hver sá, sem stjórnar peningamagni í umferð í landi voru, ríkir algjörlega yfir öllum iðnaði og viðskiptum. ... Og þegar þú gerir þér ljósa grein fyrir því, hversu auðveldlega fáeinir menn á tindinum stjórna kerfinu, með einum eða öðrum hætti, þarf ekki að leiða þig í sannleikann um, hvar kreppur og verðbólgur eiga uppruna sinn.“

Þetta sagði James, viku áður en hann var ráðinn af dögum. Þar með lauk eitt hundrað daga valdatíma hans.

Undir lok nítjándu aldar teygðu krumlur Rothschild-ættarinnar sig víða um álfur. Auðlindir þjóða og atvinnuvegir voru í þeirra eigu og ríkissjóðir víða skuldugir henni. Árið 1891 mátti lesa í Lundúnadagblaðinu, „Verkamannaleiðtoganum“ (The Labour Leader):

„Þessi blóðsuguáhöfn hefur valdið meinum og eyms í Evrópu á þessari öld. Það liggur í þagnargildi. Hún hefur sankað að sér feikilegum auðævum, aðallega við það að etja saman ríkjum, sem aldrei hefðu átt að elda grátt silfur.

Hverju sinni, sem erfiðleika gætir í Evrópu eða orðrómur [um slíkt] hefur komist á kreik, og fólk getur ekki á heilum sér tekið vegna ótta um breytingar og hörmungar, er eitt víst; í grenndinni er bjúgnefja (hook-nosed) Rothschild að sýsla.“

Schiff-ættin hélt Bandaríkjamönnum einnig við svipað heygarðshorn. Jacob (Jakob Heinrich) Schiff (1847-1920), náinn samstarfsmaður Rothschild-ættarinnar, forvígismaður Gyðinga og styrktaraðili gyðinglegra aðgerðasinna eins Emma Lazarus (1849-1887) og byltingarsinna eins og Leon Trotsky/Lev Davidovich Bronstein (1879-1940), var ötull baráttumaður fyrir stofnun seðlabanka.

Jakob hélt árið 1906 ræðu í viðskiptaráði (Chamber of Commerce) Nýju Jórvíkur (NY). Hann sagði:

„Ef við búum ekki svo um hnútana, að Seðlabankinn hafi fullnægjandi stjórn á lánaveitum (credit resources), mun landið eiga fyrir höndum dýpstu og illvígustu peningakreppu í sögunni.“

Til skilningsauka má nefna, að sumir sagnfræðinga tala um „Schiff-tímabilið“ í sögu bandarískrar bankastarfsemi, þjóðlífs og veraldarsögu. Japanskeisari sæmdi Jakob meira að segja orðu fyrir þátt hans í flotavæðingu Japana.

Jakob var – eins og fyrr er vikið að – ákafur stuðningmaður Gyðinga. Hann aðstoðaði við gyðinglegt „landnám“ í Bandaríkjunum, Galveston hreyfinguna (Galveston Movement), og kom á laggirnar lánastofnun, „Vaxtafrelsisfélaginu“ (Hewbrew Free Loan Society) í Nýju Jórvík (NY). Stofnunin kom á laggirnar útibúum víðar í Bandaríkjunum og starfar enn. Schiff-ættin náði síðar undirtökunum í New York Post.

Aftur að bankastríðinu: Borgarstjóri Nýju Jórvíkur, lögfræðingurinn, John Francis Hylan (1868-1936), sagði árið 1911:

„Hin raunverulega ógn við lýðveldið, er huldustjórnin, sem teygir slímuga arma sína eins og kolkrabbi yfir borg vora, ríki og þjóð. Heila þess er að finna í fáeinum bönkum. Alþjóðlegir bankamenn eru þeir venjulega kallaðir.“

Og John heldur áfram: Heilinn er Rockefeller-Standard olúfélagið og þröngur hópur alþjóðlegra bankamanna. Þetta úrval völdugra bankamanna rekur Bandaríkin svo að segja í þágu eigin sjálfsástar.

Úrvalið hefur í raun stjórn á báðum flokkunum, hlutast til um stjórn málin, beygir flokksformenn í duftið, beitir fyrir sig framámönnum í frjálsum félagasamtökum (private organization) og lætur einskis ófreistað til að tefla fram til æðstu embætta fólki, sem líklegt þykir að muni ganga erinda stórfyrirtækjanna.

Úrvalið hefur undirtökin í flestum blaða- og tímaritaútgáfum í landinu. Þeim er óspart beitt til að þvinga til undirgefni eða gera útlæga alla þá embættismenn, sem þráast við að hlýða hinum valdamiklu hópum, sem huldustjórnina skipa. Huldustjórnin starfar eins og gefur að skilja undir huliðshjálm. Hún læsir klóm sínum í starfsmenn stjórnsýslunnar, löggjafarsamkundunnar, skóla, dómstóla, dagblaða og stofnana til verndar almenningi.

Þessi áfellingdómur er felldur í kjölfar tveggja kjörtímabila í embætti. Dómurinn féll tveim árum, áður en huldustjórnin kom frumvarpi um stofnun Seðlabanka í gegnum þingið. Náinn samstarfsmaður Rothschild og Schiff-ættanna, Paul Moritz Warburg (1868-1932), var einn stjórnarmanna.

Paul starfaði við banka þýsku Gyðinganna, Solomon Loeb (1828-1903) og Abraham Kuhn (1819-1892). Þeir stofnuðu fjárfestingabankann, Kuhn, Loeb & Co. Bankastjóri hans var einmitt Jacob Henry Schiff, tengdafaðir bróður Paul. Sjálfur giftist Paul dóttur Solomon. Paul hafði víðtæka reynslu af bankastarfsemi, m.a. frá Frakklandi og Englandi. Bankafyrirtæki afans átti rætur að rekja til vöggju nútíma bankastarfsemi, Feneyja, höfuðseturs „svarta aðalsins“ sem svo er kallaður.

Þegar lög um Seðlabanka Bandaríkjanna (Federal Reserve) voru samþykkt, ekki síst fyrir baráttu Paul, kvað þingmaðurinn, Charles August Lindbergh (1859-1924), lögfræðingur (fæddur í Svíþjóð), sér hljóðs og sagði:

„Þessi löggjöf felur í sér gríðarlegt traust, sem aldrei áður hefur sést á jarðríki. Þegar forsetinn skrifar undir þessi lög, mun huldustjórn peninganna verða leidd í lög Með þessari löggjöf um banka og gjaldeyri er drýgður mesti glæpur allra alda.“ (Bankinn hefur í reynd enga varasjóði, birtir enga ársreikninga, en hagnaðar hans er áætlaður um 150 milljarðar (billion) árlega.)

Fjölmiðill nokkur (The Century Magazine) sagði Paul háttprúðustu og hægverskustu byltingarhetju sögunnar.

Paul lét víðar að sér kveða. Hann gjörðist forstjóri „Utanríkisráðsins“ (Council of Foreign Relations) við stofnun þess árið 1921. Ráðið hefur frá upphafi mótað

utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Þannig voru samtvinnuðir hagsmunir alþjóðlegs auðvalds og utanríkisstefna Bandaríkjanna. Paul sat í stjórnnum aragrúa stórfyrirtækja.

Eplið féll ekki langt frá eikinni. Sonur hans, James Warburg (1896-1969), varð efnahagsráðgjafi Franklin Delano Roosevelt (1882-1945). Hann er einkum þekktur fyrir dálæti sitt á Josef Vissarionovich Stalin/Ioseb Besarionis dze Jughashvili (1878-1953), ríkisframkvæmdir, í samvinnu við auðkýfingana, og stríðsbrjálæði.

Mike S. King. Andrew the Great. Pdf. TomatoBubble.com

Mike S. King: Killing America. Pdf. TomatoBubble.com

Mike S. King: Planet Rothschild I og II. Pdf. TomatoBubble.com

<https://rielpolitik.com/2020/01/26/hidden-history-who-financed-bolshevik-revolution/>

https://en.wikipedia.org/wiki/Paul_Warburg

https://en.wikipedia.org/wiki/John_Francis_Hylan

<https://hfls.org/about/mission-history/>

<https://www.tshaonline.org/handbook/entries/galveston-movement>

<https://www.myjewishlearning.com/article/the-galveston-movement/>

<https://counter-currents.com/2013/10/wall-street-and-the-march-1917-russian-revolution/>

<https://www.history.com/topics/inventions/henry-ford>

<https://counter-currents.com/2013/10/wall-street-and-the-november-1917-bolshevik-revolution/>

<https://www.loc.gov/item/today-in-history/june-18/>

<https://www.history.com/topics/us-presidents/james-a-garfield>

<https://www.nytimes.com/2015/04/22/books/frederic-morton-author-and-essayist-dies-at-90.html>

<https://www.myjewishlearning.com/the-hub/jacob-schiff-a-most-honorable-jew/>

<https://www.womenshistory.org/education-resources/biographies/emma-lazarus>

<https://www.history.com/topics/us-government-and-politics/bank-of-the-united-states>

<https://www.realhistorychan.com/jacob-schiff-the-most-powerful-man-in-us-history.html>

<https://www.history.com/topics/european-history/otto-von-bismarck>

<https://www.history.com/news/5-things-you-didnt-know-about-alexander-hamilton>

<https://www.history.com/topics/19th-century/treaty-of-ghent>

<https://www.history.com/topics/us-presidents/james-madison>

<https://geopolitics.co/2015/03/11/hidden-history-of-the-incredibly-evil-khazarian-mafia/?fbclid=IwAR3Wk2Zy4k9kV1MlpTAgyo5HDclxqX2w0bsjyEvyjwZKXM7E2JNgYenfk8>

<https://www.youtube.com/watch?v=kiY2XiRETPo>

<https://stateofthenation.co/?p=17952>

<http://www.elliswashingtonreport.com/2021/03/07/a-brief-history-of-the-rothschild-khazarian-mafia-part-i-100-1200-ad/>

<https://www.elliswashingtonreport.com/2021/03/22/a-brief-history-of-the-rothschild-khazarian-mafia-part-iii-1913-9-11/>

<https://www.history.com/this-day-in-history/czar-alexander-ii-assassinated#:~:text=Czar%20Alexander%20II%2C%20the%20ruler,to%20overthrow%20Russia's%20czarist%20autocracy.>

https://en.wikipedia.org/wiki/Mayer_Amschel_Rothschild

https://en.wikipedia.org/wiki/Nathan_Rothschild,_1st_Baron_Rothschild

<https://en.wikipedia.org/wiki/Khazars>

<https://dailyexpose.uk/2022/04/04/khazaria-rothschilds-ukraine-and-nephilim-agenda/>

https://www.forbes.com/2009/02/23/contrarian-markets-boeing-personal-finance_investopedia.html?sh=25e63911b59a